

ÚTG. 2021



SKÓLANÁMSKRÁ KRIKASKÓLA

ÁRGANGAR 1. TIL 4. BEKKUR

ÞRÚÐUR HJELM

SKÓLASTJÓRI

Krikaskóli, Sunnukrika 1, 270 Mosfellsbær



EFNISYFIRLIT

1. bekkur	3
1.1 Samantekt yfir kennslu árgangs	3
1.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 1. bekk	3
1.3 Lykilhæfni, viðmið og námsmat	5
2. bekkur	7
2.1 Samantekt yfir kennslu árgangs	7
2.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 2. bekk	7
2.3 Lykilhæfni, viðmið og námsmat	9
3. bekkur	11
3.1 Samantekt yfir kennslu árgangs	11
3.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 3. bekk	11
3.3 Lykilhæfni, viðmið og námsmat	13
4. bekkur	15
4.1 Samantekt yfir kennslu árgangs	15
4.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 4. bekk	15
4.3 Lykilhæfni, viðmið og námsmat	17
5. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn	19
5.1 Kennsluaðstæður	19
5.2 Kennsluhættir	19
5.3 Kennsluáætlanir	20
5.4 Kennslugögn	20
6. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf	22
7. Námsmat	23
7.1 Leiðsagnarmat	23
7.2 Stöðumat	23
7.3 Lokamat	24



Formáli

Hlutverk þessa hluta skólanámskrá Krikaskóla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi hvers grunnskólaárgangs svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Fjallað er um eftirfarandi þætti sérstaklega fyrir hvern árgang:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Lykilhæfni, viðmið og matskvarði

Fjallað er um eftirfarandi þætti sameiginlega fyrir yngsta stigið, 1. til 4. bekk.

4. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
5. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
6. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs



1. BEKKUR

Eftirfarandi er yfirlit yfir framkvæmd skólastarfs í 1. bekk Krikaskóla. Farið er yfir yfirlýst markmið sem ákvarðast af lögum og reglum. Í ákveðnum aðstæðum leggjum við þessi markmið til hliðar og sinnum öðrum verkefnum. Þá leiðir fagmennska kennara og faglegt mat þeirra á aðstæðum og stöðu hópsins. Farið er í önnur verkefni sem styðja og styrkja hópa og einstaklinga en eiga sér ekki beint stað í yfirlýstum markmiðum námskrár.

Á hverju skólaári eru unnin nokkur heildstæð verkefni sem árgangurinn tekur þátt í. Sum þeirra eru unnin í samvinnu við alla árganga skólans meðan önnur taka til samstarfs grunnskólahluta skólans. Verkefni sem um ræðir eru sem dæmi dagur íslenskrar tungu og önnur verkefni sem tengjast málefnum líðandi stundar.

1.1 SAMANTEKT YFIR KENNSLU ÁRGANGS

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar: Íslenska, stærðfræði, enska, upplýsinga- og tæknimennt, skólaíþróttir og sund, þemavinna (samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, trúarbragðafræði og hluti íslensku). List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum tvisvar í viku þ.e. hönnunarsmiðja, sköpun og hreyfing, leikjasmiðja, listasmiðja og lífstíll og heilsa.

Skóladagatal Krikaskóla telur 200 daga á ári, á meðan hefðbundið skólastarf grunnskóla telur 180 daga á ári. Skóladagur grunnskólabarna í 1. bekk er frá kl. 9:00-14:00. Kennslustundir eru 27 í viku hverri miðað við 40 mín. kennslustundir. Inn í skóladag barnanna fléttast frístundastarf sem veitir svigrúm og tækifæri til fjölbreyttra verkefna, sérstaklega rýmri leiktíma og samfelldri útivist daglega.

Dagskipulag hvers árgangs er sett fram í heildartímum fyrir og eftir hádegi sem kennarar hafa tækifæri til að stýra eftir viðfangsefnum dagsins. Kennarar taka fulla ábyrgð á að kennsluskylda varðandi námsgreinar sé uppfyllt en markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að koma til móts við sveigjanleika í starfi og leik.

1.2 ÁHERSLUR GRUNNPÁTTA MENNTUNAR Í 1. BEKK

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum. Unnið er með alla grunnþætti út frá stefnu skólans og eru þeir útfærðir í eftirfarandi markmið:

Heilbrigði og velferð:

- Börnin eru efld í að mynda jákvæð tengsl við önnur börn og fullorðna í skólasamfélaginu.
- Börnin eru studd til að mynda tengslanet innan skólans til að auka stuðning við hvern og einn.



Krikaskóli

- Börnin fá fræðslu um hollt matarræði, hreyfingu, tannheilsu og ýmsa þætti sem varða andlega og líkamlega heilsu.
- Dagleg útivera er samfelld í 40-50 mínútur til að börnin nái að njóta og leika sér í samfelldan tíma.
- Börnin fá 20-30 mínútur til að snæða hádegismat í matsal skólans og sitja 8 - 9 börn saman á borði. Maturinn er borinn fram á hvert borð og börnin skammta sér sjálf. Lagt er upp úr að hafa notalega stund og sitja starfsmenn til borðs með börnunum eftir því sem tók eru á. Lögð er áhersla á sjálfstæði og hjálpsemi og taka börnin virkan þátt í frágangi að máltíð lokinni.

Jafnrétti:

- Umræður og vinna með fjölbreytileika mannsins og einstaklinga.
- Unnið er með hugtakið jafnrétti út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: „*öll börn eru jöfn án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúá, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.*“
- Unnið er með ólíkar hugmyndir um sama efni, s.s. menningu, hefðir og trúarbrögð í því skyni að efla menningarläsi barna.
- Kynjasjónarmið eru rædd á bekkjarfundum.
- Unnið er með og rætt um jafnrétti í skólastarfinu og tekið tillit til hugmynda og skoðana barnanna.

Lýðræði og mannréttindi:

- Börnin eru hvött til að tileinka sér lýðræðislegar leiðir í samskiptum. Jákvæður agi er hugmyndafræði sem skólinn styðst við í daglegu starfi. Hún gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Leitast er eftir því að fá börnin til að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni. Bekkjarfundir eru nýttir til þjálfunar og kennslu í þessum efnum.
- Börnum er leiðbeint með hvernig þau geta komið áherslum sínum og skoðunum áleiðis.
- Börnin þurfa að sjá og upplifa lýðræðislegt umhverfi í skólanum og fyrirmynd hins fullorðna er mjög mikilvæg.
- Börnin eru hvött til að láta sjónarmið sín heyrast og að taka eftir ólíkum sjónarmiðum.

Læsi:

- Fjölbreyttar kennsluáferðir eru hafðar í forgrunni í allri íslenskukennslu sem og áherslur *Byrjendalæsis*.
- Unnið er með stærðfræði á fjölbreyttan hátt m.a. með þrautalausnum, hlutbundinni vinnu, námsspilum og skapandi vinnu.
- Markvisst er unnið með læsi barna á umhverfi sitt, auk læsis þeirra á líðan og tilfinningar sínar og annarra.



Krikaskóli

- Unnið er markvisst með læsi barna í víðu samhengi, s.s. upplýsinga- og tæknilæsi ásamt menningarlæsi.

Sjálfbærni:

- Börnin eru hvött til góðrar umgengni um húsnæði skólans sem og útisvæði.
- Markvisst er unnið með að börnin taki ábyrgð á sjálfum sér og eigum sínum og annarra.
- Unnið er með flokkun úrgangs í skólastarfinu sem og í kringum máltíðir og bera börnin ábyrgð á að flokka það sem þau geta.
- Hvatt er til góðrar umgengni meðal annars með ruslatíslu í nærsamfélaginu.
- Fjallað er um mengun, áhrif og ástæður ásamt því hvernig hægt er að draga úr henni.

Sköpun:

- Börn vinna á skapandi hátt í öllum námsgreinum, og áhersla er lögð á sköpun í öllu skólastarfinu.
- Unnið er með ritun, sögugerð og frásagnir í íslenskukennslu á sem fjölbreyttastan hátt.
- Fjölbreytt nálgun við námsefni í þema byggir á sköpun barnanna hverju sinni.
- Í stærðfræði er unnið með sköpun við hvert tækifæri og í þrautavinnu fá börnin tækifæri til að sýna eigin lausnleiðir og læra hvert af öðru um fjölbreyttar leiðir að sama marki.
- List- og verkgreinar fá aukið vægi inn í frístundastarf með aðkomu kennara á frístundatíma.

1.3 LYKILHÆFNI, VIÐMIÐ OG NÁMSMAT

Lykilhæfni er hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að, skv. Aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað sér yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs á hverju námssviði. eru þau viðmið hluti námsmats í lok skólaárs. Fyrir árganginn gildir að börnin hafi náð að tileinka sér eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni við lok skólaársins:

Tjáning og miðlun

Við lok skólaársins geti börnin:

- Þekkt ólíkar tilfinningar og tjáð þær.
- Tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Komið fram og tjáð sig fyrir framan hóp.
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.



Skapandi og gagnrýnin hugsun

Við lok skólaársins geti börnin:

- Spurt rannsakandi spurninga.
- Verið lausnamiðuð í hugsun og við úrlausn verkefna á skapandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

Við lok skólaársins geti börnin:

- Tekið frumkvæði.
- Verið sjálfstæð í vinnubrögðum.
- Verið með sterka sjálfsmynd og geti nýtt sér styrkleika sína.

Nýting miðla og upplýsinga

Við lok skólaársins geti börnin:

- Nýtt sér bækur til upplýsingaöflunar.
- Hafi kynnst spjaldtölvum, tölvum, snjalltækjum og annarri upplýsingatækni.
- Hafi kynnst bókasafni og nýtt sér það.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Við lok skólaársins geti börnin:

- Metið að einhverju eða öllu leyti eigin frammistöðu sem og beitt jafningjamati.
- Tileinkað sér ábyrgð í daglegu skólastarfi.



2. BEKKUR

Eftirfarandi er yfirlit yfir framkvæmd skólastarfs í 2. bekk Krikaskóla. Farið er yfir yfirlýst markmið sem ákvarðast af lögum og reglum. Í ákveðnum aðstæðum leggjum við þessi markmið til hliðar og sinnum öðrum verkefnum. Þá leiðir fagmennska kennara og faglegt mat þeirra á aðstæðum og stöðu hópsins. Farið er í önnur verkefni sem styðja og styrkja hópa og einstaklinga en eiga sér ekki beint stað í yfirlýstum markmiðum námskrár.

Á hverju skólaári eru unnin nokkur heildstæð verkefni sem árgangurinn tekur þátt í. Sum þeirra eru unnin í samvinnu við alla árganga skólans meðan önnur taka til samstarfs grunnskólahluta skólans. Verkefni sem um ræðir eru sem dæmi dagur íslenskrar tungu og önnur verkefni sem tengjast málefnum líðandi stundar.

2.1 SAMANTEKT YFIR KENNSLU ÁRGANGS

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar: Íslenska, stærðfræði, enska, upplýsinga- og tæknimennt, skólaíþróttir og sund, þemavinna (samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, trúarbragðafræði og hluti íslensku). List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum tvisvar í viku þ.e. hönnunarsmiðja, sköpun og hreyfing, leikjasmíðja, listasmíðja og lífstíll og heilsa.

Skóladagatal Krikaskóla telur 200 daga á ári, á meðan hefðbundið skólastarf grunnskóla telur 180 daga á ári. Skóladagur grunnskólabarna í 2. bekk er frá kl. 9:00-14:00. Kennslustundir eru 27 í viku hverri miðað við 40 mín. kennslustundir. Inn í skóladag barnanna fléttast frístundastarf sem veitir svigrúm og tækifæri til fjölbreyttra verkefna, sérstaklega rýmri leiktíma og samfelldri útivist daglega.

Dagskipulag hvers árgangs er sett fram í heildartímum fyrir og eftir hádegi sem kennarar hafa tækifæri til að stýra eftir viðfangsefnum dagsins. Kennarar taka fulla ábyrgð á að kennsluskylda varðandi námsgreinar sé uppfyllt en markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að koma til móts við sveigjanleika í starfi og leik.

2.2 ÁHERSLUR GRUNNPÁTTA MENNTUNAR Í 2. BEKK

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum. Unnið er með alla grunnþætti út frá stefnu skólans og eru þeir útfærðir í eftirfarandi markmið:

Heilbrigði og velferð:

- Börnin eru efld í að mynda jákvæð tengsl við önnur börn og fullorðna í skólasamfélaginu



Krikaskóli

- Börnin eru studd til að mynda tengslanet innan skólans til að auka stuðning við hvern og einn til að koma til móts við þarfir hans.
- Börnin fá fræðslu um hollt matarræði, hreyfingu, tannheilsu og ýmsa þætti sem varða andlega og líkamlega heilsu þeirra.
- Dagleg útivera er samfelld í 40-50 mínútur til að börnin nái að njóta og leika sér í samfelldan tíma.
- Börnin fá 20-30 mínútur til að snæða hádegismat í matsal skólans og sitja nokkur börn saman á borði. Maturinn er borinn fram á hvert borð og börnin skammta sér sjálf. Lagt er upp úr að börnin eigi notalega stund og fái tækifæri til að spjalla. Lögð er áhersla á sjálfstæði og hjálpsemi og taka börnin virkan þátt í frágangi að máltíð lokinni.

Jafnrétti:

- Umræður og vinna með fjölbreytileika mannsins og einstaklinga.
- Unnið er með hugtakið jafnrétti út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: „*Öll börn eru jöfn án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúa, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.*“
- Unnið er með ólíkar hugmyndir um sama efni, s.s. menningu, hefðir og trúarbrögð í því skyni að efla menningarläsi.
- Kynjasjónarmið eru rædd á bekkjarfundum.
- Unnið er með og rætt um jafnrétti í skólastarfinu og tillit er tekið til hugmynda og skoðana barnanna.

Lýðræði og mannréttindi:

- Börnin eru hvött til að tileinka sér lýðræðislegar leiðir í samskiptum. Jákvæður agi er hugmyndafræði sem skólinn styðst við í daglegu starfi. Hún gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Leitast er eftir því að fá börnin til að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni. Bekkjarfundir eru nýttir til þjálfunar og kennslu í þessum efnum.
- Börnum er leiðbeint með hvernig þau geta komið áherslum sínum og skoðunum áleiðis.
- Börnin þurfa að sjá og upplifa lýðræðislegt umhverfi í skólanum og fyrirmynd hins fullorðna er mjög mikilvæg.
- Börnin eru hvött til að láta sjónarmið sín heyrast og að taka eftir ólíkum sjónarmiðum.

Læsi:

- Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru hafðar í forgrunni í allri íslenskukennslu sem og áherslur *Byrjendalæsis*.
- Unnið er með stærðfræði á fjölbreyttan hátt m.a. með þrautalausnum, hlutbundinni vinnu, námsspilum og skapandi vinnu.
- Markvisst er unnið með læsi barna á umhverfi sitt, auk læsis þeirra á líðan og tilfinningar sínar og annarra.



Krikaskóli

- Unnið er með læsi barna í víðu samhengi, s.s. upplýsinga-og tæknilæsi ásamt menningarlausni.

Sjálfbærni:

- Börnin eru hvött til góðrar umgengni um húsnæði skólans sem og útsvæði.
- Markvisst er unnið með að börnin taki ábyrgð á sjálfum sér og eigum sínum.
- Unnið er með flokkun sorps og börnin taka þátt í að flokka það sem þau geta.
- Hvatt er til góðrar umgengni meðal annars með ruslatíslu í nærsamfélaginu.
- Fjallað er um mengun, áhrif og ástæður ásamt því hvernig hægt er að draga úr henni.

Sköpun:

- Börn vinna á skapandi hátt í öllum námsgreinum og áhersla er lögð á sköpun í öllu skólalífinu.
- Unnið er með ritun, sögugerð og frásagnir í íslenskukennslu á fjölbreyttan hátt.
- Fjölbreytt nálgun við námsefni í þema byggir á sköpun barnanna hverju sinni.
- Í stærðfræði er unnið með sköpun við hvert tækifæri og í þrautavinnu fá börnin tækifæri til að sýna eigin lausnaleyðir og læra hvert af öðru um fjölbreyttar leiðir að sama marki.
- List- og verkgreinar fá aukið vægi inn í frístundastarf með aðkomu kennara á frístundatíma.

2.3 LYKILHÆFNI, VIÐMIÐ OG NÁMSMAT

Lykilhæfni er hluti þeirrar hæfni sem skólalífi stefnir að, skv. Aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað sér yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs á hverju námssviði. Eru þau viðmið hluti námsmats í lok skólaárs. Fyrir árganginn gildir að börnin hafi náð að tileinka sér eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni við lok skólaársins:

Tjáning og miðlun

Við lok skólaársins geti börnin:

- Þekkt ólíkar tilfinningar og tjáð þær.
- Tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Komið fram og tjáð sig fyrir framan hóp.
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.



Skapandi og gagnrýnin hugsun

Við lok skólaársins geti börnin:

- Spurt rannsakandi spurninga.
- Verið lausnamiðuð í hugsun og við úrlausn verkefna á skapandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

Við lok skólaársins geti börnin:

- Tekið frumkvæði.
- Verið sjálfstæð í vinnubrögðum.
- Verið með sterka sjálfsmýnd og geti nýtt sér styrkleika sína.

Nýting miðla og upplýsinga

Við lok skólaársins geti börnin:

- Nýtt sér bækur til upplýsingaöflunar.
- Hafi kynnst spjaldtölvum, tölvum, snjalltækjum og annarri upplýsingatækni
- Hafi kynnst bókasafni og nýtt sér það.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Við lok skólaársins geti börnin:

- Metið að einhverju eða öllu leyti eigin frammistöðu sem og beitt jafningjamati.
- Tileinkað sér ábyrgð í daglegu skólastarfi.



3. BEKKUR

Eftirfarandi er yfirlit yfir framkvæmd skólstarfs í 3. bekk Krikaskóla. Farið er yfir yfirlýst markmið sem ákvarðast af lögum og reglum. Í ákveðnum aðstæðum leggjum við þessi markmið til hliðar og sinnum öðrum verkefnum. Þá leiðir fagmennska kennara og faglegt mat þeirra á aðstæðum og stöðu hópsins. Farið er í önnur verkefni sem styðja og styrkja hópa og einstaklinga en eiga sér ekki beint stað í yfirlýstum markmiðum námskrár.

Á hverju skólaári eru unnin nokkur heildstæð verkefni sem árgangurinn tekur þátt í. Sum þeirra eru unnin í samvinnu við alla árganga skólans meðan önnur taka til samstarfs grunnskólahluta skólans. Verkefni sem um ræðir eru sem dæmi dagur íslenskrar tungu og önnur verkefni sem tengjast málefnum líðandi stundar.

3.1 SAMANTEKT YFIR KENNSLU ÁRGANGS

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar: Íslenska, stærðfræði, enska, upplýsinga- og tæknimennt, skólaíþróttir og sund, þemavinna (samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, trúarbragðafræði og hluti íslensku). List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum tvisvar í viku þ.e. hönnunarsmiðja, sköpun og hreyfing, leikjasmiðja, listasmiðja og lífstíll og heilsa.

Skóladagatal Krikaskóla telur 200 daga á ári, á meðan hefðbundið skólstarf grunnskóla telur 180 daga á ári. Skóladagur grunnskólabarna í 3. bekk er frá kl. 9:00-14:00. Kennslustundir eru 27 í viku hverri miðað við 40 mín. kennslustundir. Inn í skóladag barnanna fléttast frístundastarf sem veitir svigrúm og tækifæri til fjölbreyttra verkefna, sérstaklega rýmri leiktíma og samfelldri útivist daglega.

Dagskipulag hvers árgangs er sett fram í heildartímum fyrir og eftir hádegi sem kennarar hafa tækifæri til að stýra eftir viðfangsefnum dagsins. Kennarar taka fulla ábyrgð á að kennsluskylda varðandi námsgreinar sé uppfyllt en markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að koma til móts við sveigjanleika í starfi og leik.

3.2 ÁHERSLUR GRUNNÞÁTTA MENNTUNAR Í 3. BEKK

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum. Unnið er með alla grunnþætti út frá stefnu skólans og eru þeir útfærðir í eftirfarandi markmið:

Heilbrigði og velferð:

- Börnin eru efld í að mynda jákvæð tengsl við önnur börn og fullorðna í skólasamfélaginu.



Krikaskóli

- Börnin eru studd til að mynda tengslanet innan skólans til að auka stuðning við hvern og einn og koma til móts við þarfir einstaklingsins.
- Börnin fá fræðslu um hollt matarræði, hreyfingu, tannheilsu, snjalltækjanotkun, svefvenjur og ýmsa þætti sem varða lífsstíl, andlega og líkamlega heilsu.
- Dagleg útivera er samfelld í 40-50 mínútur til að börnin geti notið þess að leika sér í samfelldan tíma.
- Börnin fá 20-30 mínútur til að snæða hádegismat í matsal skólans og sitja nokkur saman á borði. Maturinn er borinn fram á hvert borð og börnin skammta sér sjálf. Lagt er upp úr að hafa notalega stund og að börnin nái að spjalla saman. Lögð er áhersla á sjálfstæði og hjálpsemi og taka börnin virkan þátt í frágangi að máltíð lokinni.

Jafnrétti:

- Umræður og vinna með fjölbreytileika mannsins og einstaklinga.
- Unnið er með hugtakið jafnrétti út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: „*Öll börn eru jöfn án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúa, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.*“
- Unnið er með ólíkar hugmyndir um sama efni, s.s. menningu, hefðir og trúarbrögð í því skyni að efla menningarlæsi.
- Kynjasjónarmið eru rædd á bekkjarfundum.
- Unnið er með og rætt um jafnrétti í skólastarfinu og tekið tillit til hugmynda og skoðana barnanna.

Lýðræði og mannréttindi:

- Börnin eru hvött til að tileinka sér lýðræðislegar leiðir í samskiptum. Jákvæður agi er hugmyndafræði sem skólinn styðst við í daglegu starfi. Hún gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Leitast er eftir því að fá börnin til að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni. Bekkjarfundir eru nýttir til þjálfunar og kennslu í þessum efnum.
- Börnum er leiðbeint með hvernig þau geta komið áherslum sínum og skoðunum áleiðis.
- Börnin þurfa að sjá og upplifa lýðræðislegt umhverfi í skólanum og fyrirmynd hins fullorðna er mjög mikilvæg.
- Börnin eru hvött til að láta sjónarmið sín heyrast og að taka eftir ólíkum sjónarmiðum.

Læsi:

- Fjölbreyttar kennsluáferðir eru hafðar í forgrunni í allri íslenskukennslu sem og áherslur *Byrjendalæsis*.
- Unnið er með stærðfræði á fjölbreyttan hátt m.a. með þrautalausnum, hlutbundinni vinnu, námsspilum og skapandi vinnu.
- Markvisst er unnið með læsi barna á umhverfi sitt, auk læsis þeirra á líðan og tilfinningar sínar og annarra.



Krikaskóli

- Unnið er með læsi barna í víðu samhengi, s.s. upplýsinga -og tæknilæsi ásamt menningarlausni.

Sjálfbærni:

- Börnin eru hvött til góðrar umgengni um húsnæði skólans sem og útisvæði.
- Markvisst er unnið með að börnin taki ábyrgð á sjálfu sér og eigum sínum.
- Unnið er með flokkun úrgangs í skólastarfinu sem og í kringum máltíðir og bera börnin ábyrgð á að flokka það sem þau geta.
- Hvatt er til góðrar umgengni meðal annars með ruslatíslu í nærsamfélaginu.
- Fjallað er um mengun, áhrif og ástæður ásamt því hvernig hægt er að draga úr henni.

Sköpun:

- Börn vinna á skapandi hátt í öllum námsgreinum, og mikil áhersla er lögð á sköpun í öllu skólastarfinu.
- Unnið er með ritun, sögugerð og frásagnir í íslenskukennslu á sem fjölbreyttastan hátt.
- Fjölbreytt nálgun við námsefni í þema byggir á sköpun barnanna hverju sinni.
- Í stærðfræði er unnið með sköpun við hvert tækifæri og t.d. í þrautavinnu fá börnin tækifæri til að sýna eigin lausnaleyðir og læra hvert af öðru um fjölbreyttar leiðir að sama marki.
- List- og verkgreinar fá aukið vægi inn í frístundastarf með aðkomu kennara á frístundatíma.

3.3 LYKILHÆFNI, VIÐMIÐ OG NÁMSMAT

Lykilhæfni er hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að, skv. Aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað sér yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs á hverju námssviði. eru þau viðmið hluti námsmats í lok skólaárs.

Fyrir árganginn gildir að börnin hafi náð að tileinka sér eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni við lok skólaársins:

Tjáning og miðlun

Við lok skólaársins geti börnin:

- Þekkt ólíkar tilfinningar og tjáð þær.
- Tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Komið fram og tjáð sig fyrir framan hóp.
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.



Skapandi og gagnrýnin hugsun

Við lok skólaársins geti börnin:

- Spurt rannsakandi spurninga.
- Verið lausnamiðuð í hugsun og við úrlausn verkefna á skapandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

Við lok skólaársins geti börnin:

- Tekið frumkvæði.
- Verið sjálfstæð í vinnubrögðum.
- Verið með sterka sjálfsmýnd og geti nýtt sér styrkleika sína.

Nýting miðla og upplýsinga

Við lok skólaársins geti börnin:

- Nýtt sér bækur til upplýsingaöflunar.
- Hafi kynnst spjaldtölvum, tölvum, snjalltækjum og annarri upplýsingatækni
- Hafi kynnst bókasafni og nýtt sér það.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Við lok skólaársins geti börnin:

- Metið að einhverju eða öllu leyti eigin frammistöðu sem og beitt jafningjamati.
- Tileinkað sér ábyrgð í daglegu skólastarfi.



4. BEKKUR

Eftirfarandi er yfirlit yfir framkvæmd skólstarfs í 4. bekk Krikaskóla. Farið er yfir yfirlýst markmið sem ákvarðast af lögum og reglum. Í ákveðnum aðstæðum leggjum við þessi markmið til hliðar og sinnum öðrum verkefnum. Þá leiðir fagmennska kennara og faglegt mat þeirra á aðstæðum og stöðu hópsins. Farið er í önnur verkefni sem styðja og styrkja hópa og einstaklinga en eiga sér ekki beint stað í yfirlýstum markmiðum námskrár.

Á hverju skólaári eru unnin nokkur heildstæð verkefni sem árgangurinn tekur þátt í. Sum þeirra eru unnin í samvinnu við alla árganga skólans meðan önnur taka til samstarfs grunnskólahluta skólans. Verkefni sem um ræðir eru sem dæmi dagur íslenskrar tungu og önnur verkefni sem tengjast málefnum líðandi stundar.

4.1 SAMANTEKT YFIR KENNSLU ÁRGANGS

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar: Íslenska, stærðfræði, enska, upplýsinga- og tæknimennt, skólaíþróttir og sund, þemavinna (samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, trúarbragðafræði og hluti íslensku). List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum tvisvar í viku þ.e. hönnunarsmiðja, sköpun og hreyfing, leikjasmiðja, listasmiðja og lífstíll og heilsa.

Skóladagatal Krikaskóla telur 200 daga á ári, á meðan hefðbundið skólastarf grunnskóla telur 180 daga á ári. Skóladagur grunnskólabarna í 4. bekk er frá kl. 9:00-14:00. Kennslustundir eru 27 í viku hverri miðað við 40 mín. kennslustundir. Inn í skóladag barnanna fléttast frístundastarf sem veitir svigrúm og tækifæri til fjölbreyttra verkefna, sérstaklega rýmri leiktíma og samfelldri útivist daglega.

Dagskipulag hvers árgangs er sett fram í heildartímum fyrir og eftir hádegi sem kennarar hafa tækifæri til að stýra eftir viðfangsefnum dagsins. Kennarar taka fulla ábyrgð á að kennsluskylda varðandi námsgreinar sé uppfyllt en markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að koma til móts við sveigjanleika í starfi og leik.

4.2 ÁHERSLUR GRUNNPÁTTA MENNTUNAR Í 4. BEKK

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum. Unnið er með alla grunnþætti út frá stefnu skólans og eru þeir útfærðir í eftirfarandi markmið:

Heilbrigði og velferð:

- Börnin eru eflað í að mynda jákvæð tengsl við önnur börn og fullorðna í skólasamfélaginu.
- Börnin eru studd til að mynda tengslanet innan skólans til að auka stuðning við hvern og einn og koma til móts við þarfir einstaklingsins



Krikaskóli

- Börnin fá fræðslu um hollt matarræði, hreyfingu, tannheilsu, snjalltækjanotkun, svefvenjur og ýmsa þætti sem varða lífsstíl, andlega og líkamlega heilsu.
- Dagleg útivera er samfelld í 40-50 mínútur til að börnin geti notið þess að leika sér í samfelldan tíma.
- Börnin fá 20-30 mínútur til að snæða hádegismat í matsal skólans og sitja börn saman á borði. Maturinn er borinn fram á hvert borð og börnin skammta sér sjálf. Lagt er upp úr að hafa notalega stund og að börnin geti spjallað. Lögð er áhersla á sjálfstæði og hjálpsemi og taka börnin virkan þátt í frágangi að máltíð lokinni.

Jafnrétti:

- Umræður og vinna með fjölbreytileika einstaklinga.
- Unnið er með hugtakið jafnrétti út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: „*Öll börn eru jöfn án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúá, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.*“
- Unnið er með ólíkar hugmyndir um sama efni, s.s. menningu, hefðir og trúarbrögð í því skyni að efla menningarläsi.
- Kynjasjónarmið eru rædd á bekkjarfundum. Í daglegu starfi þarf að vera vakandi fyrir umræðum og hugmyndum barna um fjölbreytileika kynja og kynhlutverka.
- Unnið er með og rætt um jafnrétti í skólastarfinu og tekið tillit til hugmynda og skoðana barnanna.

Lýðræði og mannréttindi:

- Börnin eru hvött til að tileinka sér lýðræðislegar leiðir í samskiptum. Jákvæður agi er hugmyndafræði sem skólinn styðst við í daglegu starfi. Hún gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Leitast er eftir því að fá börnin til að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni. Bekkjarfundir eru nýttir til þjálfunar og kennslu í þessum efnum.
- Börnum er leiðbeint með hvernig þau geta komið áherslum sínum og skoðunum áleiðis.
- Börnin þurfa að sjá og upplifa lýðræðislegt umhverfi í skólanum og fyrirmynd hins fullorðna er mjög mikilvæg.
- Börnin eru hvött til að láta sjónarmið sín heyrast og að taka eftir ólíkum sjónarmiðum.

Læsi:

- Fjölbreyttar kennsluáferðir eru hafðar í forgrunni í allri íslenskukennslu sem og áherslur *Byrjendalæsis*.
- Unnið er með stærðfræði á fjölbreyttan hátt m.a. með þrautalausnum, hlutbundinni vinnu, námsspilum og skapandi vinnu.
- Markvisst er unnið með læsi barna á umhverfi sitt, auk læsis þeirra á líðan og tilfinningar sínar og annarra.



Krikaskóli

- Unnið er markvisst með læsi barna í víðu samhengi, s.s. upplýsinga-og tæknilæsi ásamt menningarlæsi.

Sjálfbærni:

- Börnin eru hvött til góðrar umgengni um húsnæði skólans sem og útisvæði.
- Markvisst er unnið með að börnin taki ábyrgð á sjálfu sér og eigum sínum.
- Unnið er með flokkun úrgangs í skólastarfinu sem og í kringum máltíðir og bera börnin ábyrgð á að flokka það sem þau geta.
- Hvatt er til góðrar umgengni meðal annars með ruslatíslu í nærsamfélaginu.
- Fjallað er um mengun, áhrif og ástæður ásamt því hvernig hægt er að draga úr henni.

Sköpun:

- Börn vinna á skapandi hátt í öllum námsgreinum, og er mikil áhersla lögð á sköpun í öllu skólastarfinu.
- Unnið er með ritun, sögugerð og frásagnir í íslenskukennslu á sem fjölbreyttastan hátt.
- Fjölbreytt nálgun við námsefni í þema byggir á sköpun barnanna hverju sinni.
- Í stærðfræði er unnið með sköpun við hvert tækifæri og í þrautavinnu fá börnin tækifæri til að sýna eigin lausnaleyðir og læra hvert af öðru um fjölbreyttar leiðir að sama marki.
- List- og verkgreinar fá aukið vægi inn í frístundastarf með aðkomu kennara á frístundatíma.

4. 3 LYKILHÆFNI, VIÐMIÐ OG NÁMSMAT

Lykilhæfni er hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að, skv. Aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað sér yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs á hverju námssviði. eru þau viðmið hluti námsmats í lok skólaárs.

Fyrir árganginn gildir að börnin hafi náð að tileinka sér eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni við lok skólaársins:

Tjáning og miðlun

Við lok skólaársins geti börnin:

- Þekkt ólíkar tilfinningar og tjáð þær.
- Tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Komið fram og tjáð sig fyrir framan hóp.
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Við lok skólaársins geti börnin:



- Spurt rannsakandi spurninga.
- Verið lausnamiðuð í hugsun og við úrlausn verkefna á skapandi hátt.
- Gert sér grein fyrir að læra má af mistökum.
- Greint á milli staðreynda og skoðana.

Sjálfstæði og samvinna

Við lok skólaársins geti börnin:

- Tekið frumkvæði.
- Verið sjálfstæð í vinnubrögðum.
- Verið með sterka sjálfsmýnd og geti nýtt sér styrkleika sína.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.

Nýting miðla og upplýsinga

Við lok skólaársins geti börnin:

- Nýtt sér bækur til upplýsingaöflunar.
- Hafi kynnst spjaldtölvum, tölvum, snjalltækjum og annarri upplýsingatækni.
- Hafi kynnst bókasafni og geti nýtt sér það.
- Leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Við lok skólaársins geti börnin:

- Metið að einhverju eða öllu leyti eigin frammistöðu sem og beitt jafningjamati.
- Tileinkað sér ábyrgð í daglegu skólastarfi.
- Sett sér markmið í námi með aðstoð.



Krikaskóli

5. KENNSLUAÐSTÆÐUR, KENNSLUÁÆTLANIR OG KENNSLUGÖGN

Börnin í Krikaskóla hafa öll sitt heimasvæði sem kallað er hreiður. Sameiginlegur fataklefi barna í 1.- 4. bekk er á neðri hæð hússins. Þar hafa þau hvert sitt hól til að geyma allan hlífðarfatnað, skó, íþróttaföt og aukaföt.

Útissvæði skólans er sameiginlegt fyrir öll börn skólans. Við skólann eru góðar og fjölbreyttar aðstæður til útikennslu, svalir eru rúmgóðar og undir þaki, tré og runnar eru hluti af umhverfinu, brekkur og pallar sem hægt er að nota til leiks og kennslu.

Að auki nýta börnin sameiginleg svæði skólans list- og verkgreinasmiðjur, útismiðju, kubbasvæði, íþrótt- og hreyfisvæði. Í daglegum aðstæðum hafa börnin því aðgang að fjölbreyttum aðstæðum til náms og leiks.

Matsalur skólans er bjartur og rúmgóður og þar borða börnin morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Matsalurinn er auk þess nýttur bæði til náms og leiks þegar hann er ekki í annarri notkun.

5.1 KENNSLUAÐSTÆÐUR

Kennsluaðstæður byggjast á opnum rýmum sem nýtast hverjum árgangi sem og öðrum börnum skólans þegar viðkomandi árgangur er ekki að nýta svæðið. Kennarahópar skólans starfa í teymum og ávallt eru fleiri en einn kennari og/eða starfsfólk með hverjum hópi. Sérgreinarými skólans eða smiðjur eru samnýttar af öllum árgöngum og nýttar fyrir fjölbreyttra kennsluhátta. Skipulag á rýmum skólans er til staðar og ef þörf er á að breyttri notkun er það gert í samráði. Útissvæði skólans er samnýtt af öllum árgöngum og fer kennsla að hluta til fram utandyra, á skólalóð sem og í nærumhverfi skólans.

5.2 KENNSLUHÆTTIR

Markvisst er unnið með fjölbreyttar kennsluaðferðir, stöðvavinnu, flæðisvinnu, hópavinnu og einstaklingsvinnu. Innlögn fer oftast fram í litlum hópum, á stöðvum eða í flæðisvinnu.

Fjölbreyttir kennsluhættir sem leggja áherslu á áhugasvið barnanna, skapandi vinnu sem fangar huga og hönd. Tengsl náms við raunveruleg viðfangsefni og nærumhverfi barnanna. Áhersla er einnig á leik og gleði í skólastarfinu.

Í hverri námsgrein er unnið eftir grunnþáttum menntunar og hæfniviðmiðum til að efla leikni barna. Áhersla er á einstaklinginn og hans þarfir og er verkefnaval ýmist miðað við einstaklinga eða hópa.

Sérstök áhersla er á að samþætta íslensku, stærðfræði og þemavinnu svo að nám barnanna verði heildstætt og samfella náist í nám þeirra og viðfangsefni.



Krikaskóli

Áhersla er lögð á að börnin tileinki sér sjálfstæði í námi og eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Ennfremur er áhersla lögð á að börnin temji sér virðingu fyrir öðrum, umhyggju og hjálpssemi og vinni í ýmis konar hópavinnu og samvinnuverkefnum.

5.3 KENNSLUÁÆTLANIR

Kennsluáætlanir eru unnar af kennurum tvisvar á skólaári, í ágúst til september og í janúar til febrúar. Þær eru birtar á heimasíðu skólans og foreldrum bent á þær. Áætlanir eru unnar fyrir þær námsgreinar sem kenndar eru í árganginum: stærðfræði, íslensku/þemavinnu, ensku, og í sérgreinum.

Áætlanir eru einnig unnar fyrir ýmis sameiginleg verkefni innan skólans þar sem tveir eða fleiri árgangar taka þátt. Þar má nefna sem dæmi söngstundir skólans á föstudögum en þá hittast öll börn skólans á sal og syngja saman. Hver árgangur sér um skipulag nokkurra söngstunda yfir árið, undirbýr lög og texta sem og skemmtiatriði ef einhver eru.

Einnig hafa áætlanir verið gerðar í tengslum við þemaverkefni sem unnin eru þvert á árganga skólans sem og í tengslum við sérstaka daga á skóladagatali, t.d. 100 daga hátíð, dag stærðfræðinnar, dag íslenskrar tungu og sumarhátíð skólans.

Tekið er mið af markmiðum aðalnámskrár við kennslu en leiðir geta verið mjög fjölbreyttar. Við gerð áætlana er hugað að viðfangsefnum, kennsluaðferðum, verkefnum, hæfniviðmiðum (námsmarkmiðum) og námsmati.

Reglulega fara kennarateymin yfir áætlanir sínar og skráningar og skoða stöðu hjá sínum hópi sem og einstaklingum í sinni umsjón. Þannig er hægt að staldra við og skoða hvernig og hvaða markmiðum hefur verið náð og hvað þarf að skoða og vinna betur með.

Kennarateymin gera vikuskipulag þar sem markmiðum og verkefnum kennsluáætlunar er skipt niður fyrir vikuna. Reynt er að taka tillit til óska barnanna um val á verkefnum og þau reglulega spurð um álit sitt eða óskir á því sem framundan er. Mikilvægt er að raddir barnanna fái að heyrast hvað skólastarfið varðar og er þátttaka þeirra í skipulagi hluti af því.

Vikuskipulag stýrir svo vinnuvikunni og er það grunnur að vikubrэфum sem foreldrum eru send í hverri viku.

5.4 KENNSLUGÖGN

Börnin hafa aðgang að kennslugögnum og því sem þau þurfa á að halda í tengslum við nám sitt og leik.



Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:

- Allar nauðsynlegar náms - og kennslubækur sem notaðar eru á hverjum tíma. Val á námsbókum er endurskoðað á hverju ári.
- Fjölbreyttar bækur til yndislesturs ásamt samstarfi við Bókasafn Mosfellsbæjar.
- Aðgangur að spjaldtölvum, tölvum og hugbúnaði eftir þörfum.
- Aðgangur að pappír, kartoni og endurnýtanlegu efni sem nýtt er til skapandi verkefna í skólstarfinu.
- Fjölbreyttur efniviður í formi ýmissa kubba, spila og leikfanga sem nýttur er í skólstarfið.
- Aðgangur og áskriftir að fjölbreyttum gagnasöfnum á vefmiðlum.
- Annað útgefið efni fyrir börn og ungmenni á vegum fjölbreyttra aðila á vefmiðlum.

Ritföng og persónuleg hjálpargögn sem börn þurfa að hafa til taks á hverjum tíma:

- Ekki er gert ráð fyrir að börnin komi með skólatöskur í Krikaskóla en vikulega fer heimalestrar mappa með lestrarefni og skráningarhefti á milli heimilis og skóla.
- Mosfellsbær leggur til fjármagn til kaupa á ritföngum og öðrum búnaði sem börnin þurfa að nota yfir skólaárið.
- Börn þurfa að eiga útivistarfatnað til að geta tekið þátt í daglegri útivist sem og útikennslu og vettvangsferðum sem geta komið upp án fyrirvara.
- Aukaföt þurfa að vera til taks í skólanum þannig að börnin geti skipt um föt ef þau blotna.
- Hjálpargögn sem börn þurfa á að halda í daglegu skólstarfi.



Krikaskóli

6. FORELDRASAMSTARF OG UPPLÝSINGAGJÖF

Lögð er áhersla á að kennarar og annað starfsfólk sé í góðum og upplýsandi samskiptum við foreldra og geta foreldrar haft samband þegar þörf er á símleiðis eða með tölvupósti. Samvinna heimilis og skóla er lykilþáttur í námi hvers barns og mikilvægt að samskiptin séu opin og heiðarleg.

Vikulega eru upplýsingar sendar heim frá kennarateymum í formi vikubrifa með tölvupósti. Leitast er við að þeir séu upplýsandi fyrir það sem börnin hafa verið að fást við í vikunni, hvað er framundan í vikunni á eftir og hvaða markmið er verið að vinna með hverju sinni í námi barnanna. Ennfremur er tekið fram hvernig samskipti barna ganga í hópnum og hvað sé verið að leggja áherslu á hverju sinni.

Skólinn nýtir sér forritið *Námfús* til að halda utan um ástundun barnanna og námsframvindu. Það nýtist sem samskiptamiðill fyrir kennara og foreldra. Við munum halda áfram þróun skólans á notkun kerfisins í samstarfi við þjónustuaðila.

Á heimasíðu skólans koma fram kennsluáætlanir og markmið hvers árgangs fyrir sig auk annarra upplýsinga.

Foreldraviðtöl eru að lágmarki tvisvar sinnum á hverju skólaári, eitt á hvorri önn. Börnin koma með foreldrum í viðtal við umsjónarkennara á haustönn, en á vorönn koma einungis foreldrar í viðtal. Til undirbúnings viðtala á haustönn svara börnin stuttum matslista um líðan sína, virkni og áhuga í skólanum sem skilað er í viðtalinu. Farið er yfir listann og spjallað um hvernig barninu líður, hvernig samskipti ganga og hvernig námi vindur fram. Að hausti er áherslan á námsframvindu og líðan barnanna og annað rætt eftir þörfum.

Boðið er upp á foreldraviðtöl bæði í skólanum, í síma eða með fjarfundasniði.

Foreldrar og umsjónarkennarar geta auk þess hist oftár á fundi yfir skólaárið samkvæmt samkomulagi.

Í málefnum einstakra barna þarf að setja upp teymi sem hittist á 4 til 6 vikna fresti eftir því sem þörf er á. Slíkt er metið sérstaklega og getur breyst eftir því sem mál þróast.

Lögð hefur verið áhersla á að hringt sé til að upplýsa foreldra ef eitthvað sérstakt kemur upp á. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að alls ekki er hringt nema mat liggir fyrir um þörf og árangur af slíku. Stundum eru slík símtöl aðeins til að upplýsa foreldra en málum hefur verið lokið í skólanum með sátt. Ef aðkomu foreldra er óskað mun starfsfólk skólans koma þeim skilaboðum skýrt á framfæri.



Krikaskóli

7. NÁMSMAT

Námsmat í árgöngunum skiptist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat.

Kennarateymi hittast á vikulegum fundum þar sem m.a. farið er í stöðu einstakra barna og barnahópa. Þannig er hægt að meta og bregðast hratt við ef breytinga er þörf. Samtal kennara í teyminum er grunnundirstaða í námsmati Krikaskóla.

7.1 LEIÐSAGNARMAT

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina hverju barni til árangurs. Lögð er áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- Munnlegt leiðsagnarmat, s.s. dagleg samtöl.
- Endurgjöf og hvatning til barnanna.
- Sýnishornum af ýmsum verkum sem barnið vinnur í skólanum er safnað í ferilmöppu. Markmiðið er að í lok hvers skólaárs innihaldi mappan nokkur verkefni sem barnið hefur unnið eða verið þátttakandi í.
- Forritið *Seesaw* er eins konar rafræn ferilmappa sem börnin notast við í námi sínu. Þar geta þau safnað saman verkefnum sem þau vinna með aðstoð forrītsins, skoðað og fylgst með námsframvindu sinni. Kennarar hljóta góða yfirsýn yfir þessi verkefni og auk þess eiga foreldrar greitt aðgengi að þeim verkefnum sem börnin vinna með aðstoð forrītsins.
- Myndaskráning er hluti af því að skrásetja framgang skólstarfsins og er lögð áhersla á að taka myndir af verkefnum og skólstarfinu almennt. Bæði til birtingar fyrir foreldra sem og sem hluta af námsmati.
- Símat er unnið yfir skólaárið og lagt er mat á það starf sem unnið er með barnahópnum sem og einstaklingum innan hans. Verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórnendur taka þátt í því mati eftir því sem kennarar og/eða foreldrar kalla eftir hverju sinni.

7.2 STÖÐUMAT

Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu með viðtölum við foreldra og barn á haustönn og foreldra á vorönn. Megináherslan þar er að meta líðan og virkni, frammistöðu barnsins og námslega stöðu þess. Auk þess líta kennarar yfir farinn veg við annarskipti og meta stöðu hvers barns í þeim námsþáttum og markmiðum sem tekin hafa verið fyrir.



Krikaskóli

7.3 LOKAMAT

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem metin er námsframvinda barnsins. Ýmist hefur barnið náð þeim námsmarkmiðum sem lagt var upp með, framvinda er góð, eða barnið þarfnast þjálfunar. Lokamatið byggist á leiðsagnarmati, stöðumati, símati, kennaramati og niðurstöðum samræmdra kannana.

Í lok skólaárs fær hvert barn í 1. til 4. bekk vitnisburðarskjal um námið yfir skólaárið.